# SCHREMS II – HVAÐ NÚ?

Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður

LEX
LÖGMANNSSTOFA

# EVRÓPA

- **Evrópusambandið og EES-svæðið**:
    - „Data Protection“
    - Grundvallarréttindi einstaklinga í ljósi sögunnar (ekki einungis friðhelgi einkalífs).
        - Ekki áhersla á fjárhagslega hagsmuni ábyrgðar- og vinnsluaðila.
    - Gengið út frá réttindum „hins skráða“ (e. „data subject“).
    - Frjálst flæði upplýsinga vs. persónuvernd?

# BANDARÍKIN

- **Bandaríkin**:
  - Talað um „Information privacy“
  - Áhersla á frjálst flæði upplýsinga
    - fjárhagslegir hagsmunir vinnsluaðila, sérstaklega tæknifyrirtækja
    - Tjáningarfrelsi (First Amendment)
    - *Sorrell v. IMS Health Care* (2011)
      - „it restricts the speech rights of data miners without directly advancing legitimate state interests.“
  - Ekki grundvallarréttindi einstaklinga

# FLUTNINGUR PERSÓNUUPPLÝSINGA UTAN EES

- Persónuverndarreglugerðin setur ákveðnar hömlur.
- Einungis heimilt:
  - Ef framkvæmdastjórn ESB hefur ákveðið að ríkið tryggi fullnægjandi vernd (öruggt ríki), eða
  - Fyrir hendi séu „framfylgjanleg réttindi og skilvirk lagaleg úrræði fyrir skráða einstaklinga“ („viðeigandi verndarráðstafanir“)
    - Fyrir Schrems II: T.d. EU-US Privacy Shield

- Undanþágur vegna sérstakra aðstæðna

# FORSAGA

- Safe Harbour samkomulag
  - Fellt úr gildi af Evrópudómstólnum 6. október 2015 (Schrems I)

- Friðhelgisskjöldurinn frá 12. júlí 2016 (“EU-US Privacy Shield”)
  - Ógiltur af Evrópudómstólnum 16. júlí 2020 (Schrems II)

# MÁL C-311/18 (SCHREMS II)

- Laut að lögmæti miðlunar Facebook á persónuupplýsingum frá netþjónum á Írlandi og til Bandaríkjanna.
  - Hefur þó víðtækari skírskotun

- 1. Friðhelgisskjöldurinn var ógiltur
  - Heimildir bandarískra yfirvalda til upplýsingaöflunar of miklar
  - Gangverk friðhelgisskjaldarins tryggir ekki nægjanlega vernd evrópskra borgara í Bandaríkjunum

- 2. svokallaðir staðlaðir samningsskilmálar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (e. standard contractual clauses) halda gildi sínu vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila sem hafa staðfestu í svokölluðum þriðju ríkjum utan EES svæðisins
  - að því marki sem að notkun þeirra veiti fullnægjandi vernd, þ.e. sambærilega þeirri sem er veitt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

# STAÐAN Í DAG

- Óheimilt að flytja persónuupplýsingar til Bandaríkjanna án „frekari aðgerða“
  - óheimilt að miðla persónuupplýsingum til þeirra fjölmörgu fyrirtækja er lúta bandarískri lögsögu og studdust við ákvæði friðhelgisskjaldarins.
  - Óheimilt að styðjast við staðlaða samningsskilmála án þess að ganga úr skugga um að verndin sé sambærileg í þriðja landinu.
    - Bandaríkin t.d. erfið/ómöguleg í þessu samhengi

- Hvað þýðir þetta?
  - Hvaða frekari verndarráðstafanir eru tiltækar?

# AÐGERÐARÁÆTLUN

- 1. Kortleggja hvenær persónuupplýsingar eru fluttar til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins. Nægjanlegt er að aðilar í umræddu ríki hafi aðgang að persónuupplýsingunum.
  - Í þessu samhengi er sérstakt tilefni til að skoða skilmála skýjalausna og annars konar skjalavistunarforrita.

- 2. Hafa samband við umrædda þjónustuaðila í tilteknum þriðju ríkjum og upplýsa þá um Schrems II, áhrif hans og spyrjast fyrir um til hvaða aðgerða viðkomandi aðilar hafa eða hyggjast grípa til.

# AÐGERÐARÁÆTLUN

- 3. Kanna hvort land sem fyrirtæki hyggst flytja upplýsingar til, tryggi fullnægjandi vernd í skilningi persónuverndarlaga.
  - Andorra, Argentínu, Kanada, Færeyjar, Ísrael, Mön, Japan, Ermasundseyjarnar Guernsey og Jersey, Nýja Sjáland, Sviss og Úrúgvæ sem örugg þriðju lönd.
    - Auk þess eru viðræður við Suður- Kóreu í gangi.
  - Sé um að ræða land sem fellur ekki undir „öruggt ríki“ er nauðsynlegt að afla upplýsinga um lagaumhverfi viðkomandi þriðja ríkis, en einungis er heimilt að miðla persónuupplýsingum ef vernd hins skráða er sambærileg þeirri og persónuverndarreglugerðin mælir fyrir um.
- 4. Bindandi fyrirtækjareglur?

# AÐGERÐARÁÆTLUN

- 5. Kanna hvort fyrirtæki þitt geti notað staðlaða samningsskilmála til að flytja persónuupplýsingar til þriðja ríkis.

- 6. Kanna hvort mögulegt sé að flytja persónuupplýsingarnar til viðeigandi lands með *stöðluðum samningsskilmálum ásamt beitingu frekari verndarráðstafana* (s.s. varðandi flutning til Bandaríkjanna).
  - Hvað felst í frekari verndarráðstöfunum?
    - Örugg dulkóðun þar sem einungis flytjandi upplýsinganna hefur dulráðningu (e. Encryption key)?
    - Upplýsingar nafnlausar eða notast við dulnefni (e. pseudonym) og einungis flytjandi upplýsinganna geti tengt þær við einstaklinga?

# AÐGERÐARÁÆTLUN

- Auk fyrrnefndra aðgerða mætti eftir atvikum gera viðeigandi breytingar á stöðluðum samningsskilmálum til að auka vernd hins skráða enn frekar, s.s. varðandi tilkynningar, lögsögu, skaðleysi o.fl.

# HVAÐ MEÐ SAMÞYKKI?

- Í *undantekningartilvikum* geta fyrirtæki kannað möguleika á flutningi persónuupplýsinga á grundvelli samþykkis hins skráða, í þeim tilvikum sem flutningurinn er *nauðsynlegur* fyrir gerð eða framkvæmd samnings í þágu hins skráða eða nauðsynlegur vegna mikilvægra almannahagsmuna, sbr. 49. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

# ÁHRIF

- Samningsviðræður milli Framkvæmdastjórnar ESB og bandarískra yfirvalda
  - Gæti reynst erfitt og tímafrekt

- Sektir yfirvofandi við brotum gegn persónuverndarlögum?
  - *„The Court is not only telling the Irish DPC to do its job after seven years of inaction, but also telling all European DPAs that they have a duty to take action and cannot just look the other way. […] The Court has clearly told the DPAs to get going and enforce the law.” - Maximilian Schrems 16. júlí 2020.*

- Frekari leiðbeininga að vænta frá evrópska persónuverndarráðinu
  - M.a. hvað varðar þessar tæknilegu ráðstafanir, t.d. varðandi staðlaða samningsskilmála.

# TAKK FYRIR

lara@lex.is